
FUNDARGERÐ

Fundur: 72. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 25. október 2000, kl. 10:00
Fundarstaður: Landsvirkjun, stjórnstöð, Bústaðavegi
Fundarefni: 1) Þátttaka Rafveitu Hafnarfjarðar í starfinu.
2) Áhugi annarra veitna á þátttöku í starfinu.
3) Breytingar á Nordel skráningu.
4) Stuðlar um afhendingu raforku.
5) Staða skráningar ársins 1999 og 2000.
6) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START: Guðmundur I. Ásmundsson
Pétur E. Þórðarson
Egill Sigmundsson
Gunnar Haukur Gunnarsson
Ragnar Emilsson
Ólafur Pálsson

Landsvirkjun: Helga Jóhannsdóttir
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson
Rafveita Hafnarfjarðar: Guðmundur Steinn Guðmundsson

- 1) GIÁ bauð Guðmund Stein velkominn og skýrði honum frá starfinu í hópnum. GSG sagði að Jón Gestur hefði ekki komist á fundinn. Hann sagði að truflanir væru ekki skráðar á eyðublöð START hópsins en upplýsingar væru skráðar í dagbækur hjá veitunni. Hann taldi ekki ástæðu til að koma upp gagnagrunni fyrir þessa skráningu þar sem fjöldi skýrslna væri það lítill og taldi að gott væri að skrá t.d. inn í Excel. Nefnt var að hægt væri að senda skýrslur til JV sem mundi láta skrá þær inn í gagnagrunn. GSG sagði annars að Rafveita Hafnarfjarðar hefði áhuga á að taka þátt í þessu starfi og buðu fundarmenn þá velkomna í hópinn.
- 2) JV sagðist hafa sent öllum veitum sem eru utan við þetta starf bréf til að kanna áhuga þeirra á að taka þátt í þessu starfi. Þrjár veitur lýstu yfir áhuga en það eru

Rafveita Sauðárkróks, Bæjarveitur Vestmannaeyja og Selfossveitur. Aftur á móti hafa Akranesveitur, Orkuveita Húsavíkur og Rafveita Reyðarfjarðar ekki látið heyra í sér. Samþykkt var að bjóða þeim veitum sem sýnt hafa þessu áhuga formlega til að taka þátt í þessu starfi.

- 3) GIÁ sagði að Nordel starfshópur um breytingar á skráningu rekstrartruflana hefði komið saman nokkrum sinnum að undanförunum og þar á meðal einu sinni á Íslandi. HJÓ hefur tekið sæti GIÁ í þessum hópi og fjallaði hún um þær breytingar sem þar hafa komið fram. Hún sagðist hafa sótt þrjá fundi og snemma í nóvember verður næsti fundur sem stefnt væri að sem síðasta fundi í þessu starfi. Stærstu breytingarnar eru að nú er gert ráð fyrir lagskiptri skráningu þar sem efst væri truflun, síðan bilanir sem geta verið fleiri en ein í hverri truflun og loks einingar sem fara úr rekstri. Einnig er miðað við að skrá tvenns konar orsakir, grunnorsök og undirliggjandi orsök. Einnig nefndi hún ýmsar aðrar smærri breytingar. Hún sagði að þetta breytti skráningunni verulega sem kallaði á breytingu á eyðublöðum og forritum. Hún sagði að hópurninn yrði að ákveða hvort gera ætti samsvarandi breytingar á annarri skráningu, þ.e. fyrir virkjanir og dreifingu. HJÓ dreifði nýjustu útgáfu af Nordel leiðbeiningum og lista yfir orsakir.

PEP taldi að það væri ekki sjálfgefið að gera samsvarandi breytingar á öðrum þáttum og væri þá skráning á flutningskerfum með hærri spennu en 100 kV á annan veg en skráning á einingum með lægri spennu. Einnig taldi hann áhugavert að sjá hvernig þessi skráning hefði þróast hjá dreifiveitum í nágrannalöndunum. JV taldi að það væri verulegur kostur að hafa sama ramma fyrir alla skráninguna en síðan væru mismunandi ítarleg skráning innan rammans. GIÁ sagði að skráningin hjá dreifiveitunum væri yfirleitt mun flóknari en í flutningskerfinu. Ákveðið var að endurnýja hóp sem fjallaði um þessi mál í sumar og setja inn nýja aðila fyrir þá sem horfið hafa frá þessu starfi. Eftirtaldir skipa hópinn:

Jón Vilhjálmsson, kallar saman hópinn
Helga Jóhannsdóttir
Steingrímur Jónsson, Rarik
Ragnar Emilsson
Fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur

Stefnt er að því að hópurninn hittist í seinni hluta næstu viku.

- 4) JV dreifði nýjum drögum að skýrslu um stuðla um afhendingu raforku. Hann sagðist hafa reiknað út stuðlana fyrir síðustu ár og lagfært textann. Hann sagði að það vantaði gögn frá Rafmagnsveitum ríkisins og Hitaveitu Suðurnesja fyrir síðasta ár. Einnig sagðist hann hafa bætt við tillögum um það hvaða mörk ætti að setja á þessa stuðla og gerði þá ráð fyrir að veitur yrðu að koma með skýringu ef þær færu út fyrir þessi mörk. Fundarmenn ætla að skoða þetta og koma með athugasemdir á næsta fund.
- 5) JV sagði að farið hafi verið yfir allar skýrslur Orkuveitu Reykjavíkur út ágúst og stefnt væri að því að fara yfir skráninguna hjá þeim á ársfjórðungs- eða hálfársárs fresti. HJÓ sagaði að skráningin hjá Landsvirkjun væri í föstum skorðum og væru útbúin yfirlit í lok hvers mánaðar. PEP sagði að eftir væri að reikna skerðingu á skýrslur síðasta árs en annars væri skráningin í föstum skorðum. GHG sagði að flutningar á skrifstofum Rafveitu Akureyrar hefðu gert það að verkum að skráningarkerfið hefði dottið úr sambandi í lok ágúst en hann stefndi að því að koma því í gang að nýjum sem fyrst. RE sagði að skýrslur væru skráðar jafn óðum hjá Orkubúi Vestfjarða. ES sagði að það ætti eftir að ganga frá árinu 1999 en skráðar væru jafn óðum skýrslur um dreifikerfið. Engar athugasemdir komu við nýja útgáfu af skráningarkerfinu. Rafveita Akureyrar og Hitaveita Suðurnesja eiga þó eftir að setja upp nýju útgáfuna.
- 6) JV sagðist ekki hafa sett gæði raforku inn á dagskrána þar sem hann taldi að betra væri að einbeita sér að breytingum á skráningunni nú og snúa sér síðan að þeim málum. HJÓ lagði áherslu á að mikilvægt væri að taka á þeim málum sem fyrst. GHG sagði að Rafveita Akureyrar væri að kaupa tæki til mælinga á gæðapáttum hjá notendum en þeir vildi fá með því forrit sem sýndi samanburð við staðla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: “Nordels riklinjer för klassificering av driftsstörningar och fel. Utgåva C”. (HJÓ)
“Arsaker – Islands forslag” (JV)
“Stuðlar um afhendingu raforku” (JV)